

---

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

22. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn föstudaginn 8. september 2017

kl. 08:15 í fundarsal B.S. bs. í fundarsal Hringbraut 125.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Jóhann S. Sigurbergsson, Sigrún Árnadóttir, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Gísli Heiðarsson mætti ekki.

### Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Sex mánaða uppgjör.
  - Jón fer yfir uppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði ársins og skýrir nokkra liði. Rekstur samkvæmt áætlun.
2. Staðan vegna hönnunar á nýrri slökkvistöð.
  - Lota verkfræðistofa var lægstbjóðandi í hönnun ýmissa verkfræðiþátta og er þetta komið af stað og er áætlað að hönnunargögn verði öll klár í lok október. Búið er að halda nokkra verkfundi og eru málin á góðum skriði. Lögð voru fram fundargerðir þriggja hönnunarfunda sem hafa verið haldnir.
3. Kaup á nýrri slökkvibifreið.
  - Leitað hefur verið eftir verðtilboðum í nýja slökkvibifreið fyrir BS. Tilboð frá 4 aðilum hafa borist og hafa tilboðin verið yfirfarin.
  - Stjórn samþykkir að ganga að tilboði lægstbjóðanda sem var Ólafur Gíslason co hf. Heildarverð 46.000.000 kr.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
  - Íbúapróun á starfssvæði BS bs. frá aldamótun og síðan þróun útkalla vegna sjúkraflutninga er fordæmislaus, en fjölgun íbúa á þessu tímabili er um 53% og fjölgun sjúkraflutninga á sama tímabili er um 140 %.
5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.
  - Haldið verður áfram með vinnu við fjárhagsáætlun.
6. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:15